

ENGIN MISKUNN

Sjónvarpsleikrit

eftir

Benóný Ægisson

SUNNUDAGSLEIKHÚS RÚV 2000

Persónur:

HREINN dagskrárgerðarmaður

ÍSOLD símadama

ELVA DÖGG pizzusendill

JÓRUNN geðlæknir

BJÖRN fjölmiðlamógúll

TÖKUMAÐUR

HLJÓÐMAÐUR

Raddir:

GUÐBJÖRG öryrki

ODDUR vitleysingur

REIÐ KONURÖDD

JÓNATAN kynþáttahatari

RÖDD HREINS í kynningu fyrir Engin miskunn

RÖDD í auglýsingu fyrir Frímanss-partí pizzur

Leikurinn gerist í lítilli útvarpsstöð að kvöldi til. Útvarpsstöðin er dæmigerð tónlistarstöð, þar sem skotið er inn lítt undirbúnum viðtölum, oftast í gegnum síma og hlustendum gefst kostur á að hringja inn og biðja um óskalög eða viðra skoðanir sínar. Sjö persónur sjást í leiknum en aðrar eru raddir í síma eða hátalara. Leikritið gerist allt í hljóðstofu útvarpsstöðvarinnar. Í hljóðstofunni er lítið annað en stjórnborð og það sem við á að éta. Sá sem situr við stjórnborðið snýr baki í dyrnar inn í hljóðstofuna. Fyrir framan dagskrárgerðarmanninn er stór gluggi. Útsýnið er fremur dapurlegt iðnaðarhverfi og það rignir.

Upphafstitlar og tónlist.

HREINN

(Lækkar tónlistina, ýtir á takka og talar í hljóðnema)

Góðir hlustendur! Það er Hreinn Björnsson sem situr við hljóðnemann. Veðrið er viðbjóður að vanda og ég lenti fyrir aftan karl með hatt á leiðinni hingað eða kannski var það kerling.. eða jafnvel kerling með hatt. Svo.. ég er í brjáluðu skapi og þeir sem ætla að hringja inn í Enga miskunn eiga ekki von á góðu.

(Þögn. Hækkar í tónlistinni. Lækkar aftur)

Hvenær ætli umferðarráð gefi út skotleyfi á kerlingar með hatta svo við sem þurfum að komast leiðar okkar getum hreinsað þjóðvegina og brunað óhindrað og í góðu jafnvægi á áfangastað. Ég ætla að leika nokkur léttgeggjuð lög og spjalla við ykkur hlustendur góðir, ef þið hafið eitthvað til málanna að leggja, í símatímanum Engin miskunn.

HREINN startar auglýsingatrailer.

RÖDD HREINS

Símatíminn Engin miskunn! Við erum ekki að tala um meinlaust mal við dagskrárgerðarmann sem er alltaf sammála síðasta ræðumanni. Nei! Við erum að tala

um orrahríð af skömmum, skítkasti, lítilsvirðingu og dónaskap. Svo komið ef þið þorið - það verður: Engin miskunn!!!

ÖNNUR RÖDD

Það eru Frímanspizzur sem bjóða upp á Enga miskunn. Þeir sem standa sig best fá ókeypis Frímans-partípizzu!

(Sungið eða rappað stef frá Frímanspizzum)

Ef ekkert er í lagi - fátt leikur í lyndi
og þig langar bar'að ger' eitthvað í því í skyndi
sestu þá snarlega niður við símann - 5 8 - 5 8 - 5 5 2
hann sendir þér eldsnögga pizzu hann Frímann

HREINN

(Ýtir á takka í stjórnborði)

Og við höfum hlustanda á línunni. Hvað heitir þú?

RÖDD

Guðbjörg.

HREINN

Sæl Guðbjörg. Hvað viltu tala um?

GUÐBJÖRG

Ég ætla að tala um ríkisstjórnina.

HREINN

Æ Gudda mín, ekki þessi leiðindi.

GUÐBJÖRG

Það er þannig að ég er öryrki..

HREINN

(Geispar hástöfum)

Nú hætti helmingurinn af þjóðinni að hlusta, Guðveig.

GUÐBJÖRG

Ég heiti Guðbjörg.

HREINN

Ókei Guðrún. Þú ert öryrki. Og hvað með það?

GUÐBJÖRG

Mér finnst nú að við megum segja okkar skoðun líka.

HREINN

Auðvitað megið þið það. En ekki í mínum þætti. Hringdu í Þjóðarsálina, Guðlaug.

GUÐBJÖRG

En þetta er..

HREINN

Allt í lagi. Allt í lagi. Þú mátt það.

GUÐBJÖRG

Má ég hvað?

HREINN

Segja skoðun þína. Var það ekki það til þess sem þú hringdir, Guðleif mín?

GUÐBJÖRG

Jú, ég ætlaði..

HREINN

Já, út með það. Eða hefurðu kannski enga skoðun, Guðríður?

GUÐBJÖRG

Jú, ég hef skoðun en ég ætla sko ekki að segja þér hana.

GUÐBJÖRG skellir á. Talsónn. ÍSOLD kemur inn. Hún er í kápu og er á förum. Hún bíður átektu

HREINN

Haha! Ekki lengi að losna við hana. Bless bless, Gubba, engin Frímanss-partípizza handa þér. Frímanss-partípizza?! Þvílíkt andríki í nafngiftum. Jæja Frímanss, kallinn minn. Þú verður að láta þér detta eitthvað snjallara í hug því fólk á að vera síétandi Frímansspizzur, ekki bara í partíum. Þú ættir að skipta um auglýsingastofu - eða fá þér nýjan heila. Jæja! Við skulum hlusta á eitthvað graðhestagarg og fá svo annan hlustanda.

(Lækkar tónlistina svo hún verður ógreinleg eða gæti einungis verið ómur úr heyrnartólum hans. Við Ísold)

Ísold hin gullna! Ég hélt að þú mættir ekki víkja af verðinum.

ÍSOLD

Ég er að fara.

(Þögn)

Kemurðu á eftir?

HREINN

Það veit ég ekki. Kannski.

ÍSOLD

Það er síminn til þín.

HREINN

Þú veist að ég tek ekki símann..

ÍSOLD

Það er Sjöfn. Eitthvað út af stráknum.

HREINN

(Með slæma samvisku)

Ó..!

(Tekur upp símtólið)

Sjöfn!.. Nei ég komst ekki.. Þú verður að segja honum að ég hafi ekki komist.. Nei, ég datt ekkert í það.. Ha?.. Hvaða djöfulsins kjaftæði er þetta? Auðvitað vil ég vera með honum. Ég tek hann um næstu helgi.. Það er aldrei hægt að tala við þig, manneskja.. Jæja, þú segir það. Heyrðu, ég má ekki vera að þessu.. Nei. Það klikkar ekki.. Ég hringi í þig. Ha?.. Ókei. Ég skal tala við hann..

ÍSOLD

Þú ættir að vera meira með hann.

HREINN

Eins og ég viti það ekki.

(Í símann)

Sæll kútur minn!.. Nei. Pabbi komst ekki. Pabbi var að vinna.. Nei. Pabbi getur það ekki. Pabbi er að vinna.. Já seinna.. Á laugardaginn. Við förum á laugardaginn..

ÍSOLD

Gætum við ekki farið með hann í í húsdýragarðinn.

HREINN

(Heldur fyrir tólið)

Langar þig í mömmuleik með okkur?

ÍSOLD

(Í vörn)

Mér finnst hann skemmtilegur.

HREINN

Æ skrepptu fram og náðu í kaffi handa mér.

ÍSOLD

Ég er engin kaffikerling hérna.

HREINN

Er ég ekki á sérsamningi hjá þér.

ÍSOLD

Hefurðu einhvern áhuga á því?

ÍSOLD fer út en HREINN lýkur samtalinu við soninn

HREINN

Ha?..Nei, ekki á morgun.. Bráðum, kútur minn! Farðu nú að sofa.. Nei, pabbi er að vinna. Pabbi er í útvarpinu.. Hlusta? Þú verður að spyrja mömmu.. Bless kútur minn.
(*Leggur á. Ýtir á takka*)

Hver er á lfnunni?

RÖDD ODDS

Hreinsi! Er ég í beinni?

HREINN

Nei, Oddur! Uppáhalds masókistinn minn.

ODDUR

Blessaður Hreinsi.

ÍSOLD kemur inn með kaffibolla.

HREINN

Sæll sjálfur. Og þú ert alltaf sama fíflið?!

ODDUR

Góður!

HREINN

Alltaf að keyra út, er það ekki? Alltaf úti að aka.

ODDUR

Jújú. Maður er svo mikið í því. En þú? Alltaf..

HREINN

Oddur. Ætlarðu nokkuð að fara að segja: Alltaf í boltanum?

ODDUR

Ja.. eiginlega.

HREINN

Hlustarðu einhvern tíma á sjálfan þig, Oddur?

ODDUR

Hvað meinarðu Hreinsi?

HREINN

“Alltaf í boltanum?”. “Maður er svo mikið í því”. Geturðu ekki tjáð þig án þess að nota svona orðaleppa?

ODDUR

Maður segir nú bara svona.

HREINN

Ekki ef ég á að nenna að tala við þig. Þá þarftu að segja eitthvað frá eigin brjósti.

ODDUR

Hvað á ég að segja Hreinsi?

HREINN

Þú ert nú meiri hálfvitinn.

ODDUR

Góður Hreinsi! Góður!

HREINN

Þú ert svo heimskur að það er ekki hægt að móðga þig. Fyrir þennan merkilega hæfileika færðu Frímanss-partí pizzu í verðlaun.

ODDUR

Með pepperóní, ananas og sveppum.

HREINN

Meira að segja matarsmekkur þinn er heimskulegur.

ODDUR

Góður! Heyrðu! Takk fyrir mig.

HREINN

Standi það í þér. Og hérna kemur nýtt lag sem heitir “Ég ætla að byrja með þér”. Það eru ellismellirnir í Stuðpúðunum sem leika en þeir eru búnir að vera fimmtán ára síðan einhverntíma á sjöunda áratugnum.

Hreinn ýtir á takka og snýr sér að ÍSOLD. Þögn. Síminn hringir og HREINN svarar.

HREINN

Halló.. Nei. Ég sagði honum ekki að hann mætti hlusta. Ég sagði að hann yrði að spyrja þig.. Ókei. Leyfðu mér þá að tala við hann.. Kútur minn. Þú verður að fara að sofa ef mamma segir það.. Já, mamma ræður því.. Þú verður að hlusta seinna.. Hver?.. Siggi.. Er hann alltaf að lemja þig? .. Veistu hvað pabbi gerir ef einhver er að lemja hann?.. Sko. Fyrst dregur hann djúpt að sér andann. Svo heldur hann í sér andanum. Lengi lengi. Þegar hann getur ekki lengur haldið honum þá blæs hann öllu út í einu og kýlir.. Já. Þeir steinliggja.. Já allt í lagi, karlinn minn. Góða nótt.

ÍSOLD

(Háðslega)

Föðurlegt ráð handa fimm ára barni.

HREINN

Hvað ert þú að skipta þér að þessu?

ÍSOLD

Má maður aldrei segja neitt við þig? Þarftu alltaf að bíta af manni hausinn ef..

HREINN

Heyrðu heyrdú! Þú ert farin að hljóma grunsamlega líkt og mín fyrrverandi.

ÍSOLD

(Sár)

Hvað er eiginlega að þér?

HREINN

Ég er illmenni. Vissirðu það ekki? Það hefur komið fram í öðrum hvorum fjölmiðli í landinu.

Þögn.

ÍSOLD

Jæja. Ég er þá farinn.

HREINN

Farðu þá eldgamla Ísafold.

ÍSOLD sárnar, ætlar að segja eitthvað en hættir við það. Fer.

HREINN

Andskotinn!

(Hann lækkar tónlistina og opnar hljóðnema)

Þetta er Hreinn Björnsson og þátturinn Engin miskunn, hringið ef þið þorið. Klukkan er tuttugu mínútur gengin í tíu og það er rigning og breytileg átt í Reykjavík eftir því sem Veðurstofan segir. Það rignir semsé úr öllum áttum og hlustendum er ráðið frá því að fara út með regnhlífur ef þeir eiga eitthvert erindi út.

(Ýtir á takka í stjórnborði)

Og við höfum annan hlustanda á línunni.

REIÐ KVENMANNSRÖDD

Á þetta að heita útvarpsefni hjá þér?

HREINN

Það bað þig enginn að hlusta. Stilltu á aðra stöð ef þér líkar ekki efnið.

REIÐ KVENMANNSRÖDD

Mér finnst framkoma þín fyrir neðan allar hellur.

HREINN

Þessi þáttur er sérstaklega ætlaður fyrir nöldurseggi, þrasara og hálfgeðbilað fólk svo þú ert á réttum stað.

ÖSKUREIÐ KVENMANNSRÖDD

Sko, það eru menn eins og þú sem gera þessa jörð að helvíti..

HREINN

Nei, mamma! Ert þetta þú? Af hverju sagðirðu það ekki strax? Hvernig hefur móðurlífið leikið þig? Er pabbi kominn út af Hrauninu?

Talsónn.

HREINN

Ekkert úthald, ekkert úthald, engin partípizza fyrir hana. Jæja. Við tökum okkur smáhlé frá Engri miskunn og hlustum á einhvern fjandann.

HREINN hækkar tónlistina aftiur. Síminn hringir og HREINN svarar. ELVA DÖGG kemur inn með bunka af pizzukössum.

HREINN

Halló!.. Björn? Já, blessaður.. Ég gat ekki stillt mig um segja þetta. Frimanns-partípizzur! Þvílíkt andleysi. Hringdi Frímann í þig?.. Nú, ekkjan. Þínlegt. Var hún sár?.. Er það?.. Já, ég veit að enginn er ómissandi.. Já ég veit það, þakka þér fyrir það.. Heyrðu, ég reyni að bæta fyrir þetta. Ég hringi í hana á morgun og fer á hnén.. Ókei.. Við heyrumst. (*leggur á*)

ELVA DÖGG

Var eigandinn að taka þig í gegn?

HREINN snýr sér við og sér ELVU DÖGG. Hann er vandræðalegur því einhver hefur orðið vitni að samtalinu.

HREINN

Hvað kemur þér?..? Hver ert þú? Hvað ert þú að væflast hérna?

ELVA DÖGG

Ég kom með pizzurnar.

HREINN

Hvaða pizzur?

ELVA DÖGG

Frá Frímannspizzum.

HREINN

Þær eiga ekki að koma hingað. Það á að senda þær beint til þeirra sem vinna.

ELVA DÖGG

Ó. Ég hlýt að hafa misskilið eitthvað.

HREINN

Eru allir hættir að hugsa í þessum heimi?

ELVA DÖGG
Ég er sko alveg nýbyrjuð.

HREINN
Hvernig komstu eiginlega inn?

ELVA DÖGG
Það var opið.

HREINN
Heimska belja!

ELVA DÖGG
Ha?

HREINN
Stelpan á símanum. Hún hefur skilið eftir opið.

ELVA DÖGG
Svoleiðis. Hvar á ég að setja pizzurnar?

HREINN
Ætlarðu að skilja þær eftir?

ELVA DÖGG leggur frá sér pizzukassana.

ELVA DÖGG
Þú getur gefið þær eða eitthvað.

HREINN
Hvað heldurðu að ég nenni að standa í því?

ELVA DÖGG er á útleið þegar hún rekur augun í auglýsingaplakat fyrir sjónvarkspáttinn “Á teininum hjá Hreini”. Á því er mynd af Hreini að grilla viðmælendur sína, stjórnálamenn viðskiptajöfra og fleiri. Hún virðir plakatið fyrir sér en lítur síðan á Hrein.

ELVA DÖGG
Hei! Þú ert Hreinn Björnsson?

HREINN
Já, hvað með það?

ELVA DÖGG
Vá! Hreinn Björnsson! Þetta ert þú. Ég hélt að þú værir.. stærri. Hvað ertu að gera hérna?

HREINN
Bara millibilsástand. Maður verður að eiga fyrir bjór og sígarettum.

ELVA DÖGG

Vá! Hreinn Björnsson! Skelfir ráðherranna! Stjórnarslit í beinni! Ég trúí þessu ekki.

HREINN

Þú ert óvenju vel upplýstur pizzusendill.

ELVA DÖGG

Hver heldurðu að lifi af námslánunum?

(Þögn)

Ég er í stjórn málafræði.

HREINN

Ó. Ein af þeim.

ELVA DÖGG

Mig langar æðislega mikið að vinna við fjölmiðla. Helst sjónvarp. En það er örugglega gaman að vinna í útvarpi.

(Þögn)

Af hverju hættirðu hjá sjónvarpinu?

HREINN

Þú sem ert svona velupplýstur pizzusendill ættir að geta sagt þér það sjálf. Það er vegna þess að fíflin ráða.

ELVA DÖGG

Varstu rekinn?

HREINN

Ég get ekki séð að þér komi það neitt við.

ELVA DÖGG

Fyrirgefðu. Þetta er bara forvitni. Ég hef alltaf fylgst með þér.

HREINN

Við vorum bara ekki sammála um efnistöð. Heyrðu! Þú verður að fara. Ég er að fara að byrja á Engri miskunn.

ELVA DÖGG

Í alvöru. Ég verð að fá að sjá það. Gerðu það, má ég vera áfram..

HREINN

Ég er vanur að vera einn..

ELVA DÖGG

Gerðu það.. plíííís!!

HREINN

Jæja þá. Dauðapögn - mundu það.

(Í hljóðnema)

Þetta voru hinir einu sönnu Stuðpúðar, framlag þeirra til íslenskrar poppmenningar verður seint nægjanlega ofmetið.

(Setur stefið í gang)

RÖDD HREINS

Símatíminn Engin miskunn! Orrahríð af skömmum, skítkasti, lítilsvirðingu og dónaskap. Svo komið ef þið þorið - það verður: Engin miskunn!!!

ÖNNUR RÖDD

Þátturinn: Engin miskunn er í boði Frímans - heitustu pizzurnar!

HREINN

Er einhver á línunni.

JÓNATAN

Halló! Halló! Heyrist í mér.

HREINN

Skýrt og greinlega.

JÓNATAN

Er ég kominn í útsendingu?

HREINN

Þjóðin hlustar. Hvað heitir maðurinn?

JÓNATAN

Jónatan Gissurarson heiti ég. Já, mig langaði að tala um þetta ófremdarástand í atvinnumálunum. Nú er svo komið að Íslendingar geta ekki lengur fengið vinnu fyrir ásókn útlendinga.

HREINN

Eru þeir ekki bara að skúra og vinna í fiski? Það nennir enginn Íslendingur að vinna við það hvort sem er.

JÓNATAN

Það eru til Íslendingar sem láta sér annt um undirstöðuáttvinnuvegina.

HREINN

Segðu mér Jónatan. Hvað viltu gera?

JÓNATAN

Ég vil láta banna þetta. Auðvitað er ég ekki að tala um frændur okkar á Norðurlöndum. Alls ekki. Ég er að tala um þetta Asúfólk sem er að spilla hinni kynhreinu norrænu þjóð.

HREINN

Svo þú ert í þeirri deildinni.

JÓNATAN

Finnst þér allt í lagi að Íslendingar verði smámsaman gulir og skáeygir.

HREINN

Já. Mér finnst það í góðu lagi.

JÓNATAN

Þá ert þú ekki Íslendingur.

HREINN

Ég held að blóðblöndun við Asíupjóðir sé okkur holl og góð.

JÓNATAN

Þetta eru óæðri kynstofnar..

HREINN

Hlustaðu nú fíflid þitt: Asíumenn fundu upp áttavitann, púðrið og tölvuúrið þegar hinir kynhreinu forfeður þínir bjuggu í holum ofan í jörðinni og höfðu ekki einusinni fundið upp hjólið. Þetta er klárasta fólk í heimi.

JÓNATAN

Þetta eru villimenn. Ef við stöðvum ekki framrás þeirra leggja þeir landið undir sig. Sjáðu lævísina. Koma hingað og geta börn með íslenskum mönnum til að gera þjóðina úrkynjaða.

HREINN

Þú misskilur þetta allt Tanni minn. Kynstofnar verða ekki úrkynjaðir við að blandast öðrum stofnum. Þeir verða úrkynjaðir ef þeir gera það ekki; þá fæðast fleiri fábjánar. Þú ert einmitt gott dæmi um slíka skyldleikaræktun.

JÓNATAN

Það er þessi mengun hugarfarsins..

HREINN

Ég vona allavega að þú eigir engin afkvæmi. Það er nóg af hálfvitum á þessu landi.

JÓNATAN

Hvað sagðirðu?

HREINN

Þú ert hálfviti eins og allur þinn norræni kynstofn.

(Þögn)

Ertu þarna ennþá, Kasper?

JÓNATAN

Ég skal finna þig í fjöru, þó síðar verði.

HREINN

Þú hefur brotið einu regluna í þessum þætti: Engar ofbeldishótanir. Bless Jesper, engin frábær Frímanna-partípizza fyrir þig.

(Ýtir á takka)

Er hlustandi á línunni?

(Þögn)

Enginn á línunni svo við skulum heyra annað lag með hinum ástsælu Stuðpúðum.

(Kveikir á geislaspilara og tekur af sér heyrnartólin)

ELVA DÖGG

Þú fórst alveg með hann. Rosalega varstu flottur.

HREINN

Svona apakettir eiga ekki að fá að vaða uppi.

(Stendur upp og gengur að pizzukassastaflann)

Kannski maður skelli sér á eina.

(Snýr sér að Elvu Dögg)

Vilt þú?

ELVA DÖGG

(Á verði)

Nei takk.

HREINN gengur að stjórnborðinu með pizzukassann og sest niður. ELVA DÖGG þokar sér í átt að pizzukassastaflanum svo lítið ber á. Hún tekur upp annan kassa og opnar hann. Gengur í átt að HREINI sem snýr í hana baki.

HREINN

Ég er banhungraður.

HREINN opnar kassann og sér að hann er tómur. ELVA DÖGG dregur risastóran hníf upp úr sínum kassa og þegar HREINN lýkur næstu setningu kemur hún aftan að honum og leggur hnífseggina á hálsinn á honum.

HREINN

Hvað? Það er ekkert í þessum kassa

(Finnur fyrir hnífnum)

Hvað ertu að gera, manneskja?

ELVA DÖGG

Hreyfðu þig ekki!

HREINN

(Hræddur)

Allt í lagi. Allt í lagi. Farðu varlega með þennan hníf.

ELVA DÖGG

Ef þú reynir eitthvað þá sker ég þig á háls.

HREINN

Ég er grafkyrr. Slappaðu bara af.

ELVA DÖGG

Settu hendurnar fyrir aftan bak.

HREINN hlýðir og ELVA DÖGG bindur hendur hans fyrir aftan bak með kapalspennum. Hún festir hann við stólinn og bindur fætur hans. Ef hún þarf að nota báðar hendurnar getur hún sett hnífinn milli tannanna en þá gefur hún honum gætur og við minnstu hreyfingu hans otar hún að honum hnífnum. Þegar hann er bundinn rís hún upp og virðir hann fyrir sér.

HREINN

Hvað ætlarðu að gera?

ELVA DÖGG

Ég ætla að skera aðeins í þig, Hreinn, til að sjá hvort það er blóð í þér.

HREINN

Láttu ekki svona. Þetta er eitthvað grín, er það ekki?

ELVA DÖGG

Jú. Það verður bráðfyndið að sjá þig engjast með hnífinn í belgnum.

HREINN

Þú ert brjáluð.

ELVA DÖGG

Þegiðu!

HREINN

Hversvegna ertu að þessu? Hversvegna ætlarðu..?

ELVA DÖGG

..að drepa þig. Af því að þú ert óþarfur Hreinn.

HREINN

Óþarfur?

ELVA DÖGG

Já. Hefurðu gert eitthvað þarflegt um ævina? Hefurðu byggt hús, ræktað skóg eða veitt fisk? Þú byggir ekkert upp, þú rífur bara niður.

HREINN

Ég er fjölmiðlamaður. Ég flyt fréttir, fræði fólk og..

ELVA DÖGG

..og lifir í fortíðinni. Þú ert ekki lengur rannsóknarblaðamaðurinn knái sem steypir ríkisstjórnnum. Þú ert búinn að vera. Þú gætir eins verið dauður.

ELVA DÖGG fer út úr hljóðstofunni. HREINN reynir að losa sig.

HREINN

Hvað er eiginlega að gerast hérna?

JÓRUNN kemur inn. HREINN heyrir hana koma og stirðnar upp. JÓRUNN er afar snyrtileg kona, í drakt með mjög langar neglur. Þrátt fyrir ráðsett útlitið er hún ung.

JÓRUNN

Ég er að leita að Hreini Björnssyni.

(Kemur nær)

Ert þú Hreinn Björnsson?

HREINN

Já.

JÓRUNN

Ertu með einhver skilríki?

HREINN

(Lítur á hana furðu lostinn. Eins háðslega og honum er unnt)

Ég á erfitt með að ná í þau. Ég er dálítið bundinn núna.

JÓRUNN

Það er allt í lagi, ég get aðstoðað þig.

HREINN

Í jakkavasa mínum.

JÓRUNN tekur upp veski HREINS og gengur úr skugga um að hann sé sá sem hann segist vera.

JÓRUNN

Já. Það er aldrei of varlega farið þegar um viðkvæm trúnaðarmál er að ræða.

(Réttir honum höndina)

Jórunn Gestsdóttir heiti ég, geðlæknir.

HREINN lítur á útrétta hönd JÓRUNNAR og hristir höfuðið. Hún verður hálfvandráðaleg og dregur að sér höndina.

JÓRUNN

Ja.. ég kom eiginlega til að vara þig við.

HREINN

Leystu mig!

JÓRUNN

Viltu það?

HREINN

Auðvitað vil ég að þú leysir mig, manneskja. Ertu vangefin?

JÓRUNN

Fyrirgefðu. Fyrirgefðu. Afskaplega hugsunarlaust af mér. Nei, ég hélt kannski.. Nei. Það skiptir engu máli.

JÓRUNN togar í fjötra HREINS en ferst það óhönduglega að leysa hann.

HREINN

Flýttu þér! Það er brjáluð kona með hníf einhversstaðar í húsinu.

JÓRUNN

Er hún ljóshærð? (*eða það sem við á*)

HREINN

Já. Þekkirðu hana?

JÓRUNN

Hún heitir Elva Dögg Sigurðardóttir. Hún er skjólstæðingur minn.

(Bisar við fjötrana)

Það er ómögulegt að losa þetta.

HREINN

Flýttu þér. Hún gæti komið aftur.

JÓRUNN

Þegar ég uppgötvaði að hún væri strokin datt mér í hug að það væri hugsanlegt að hún vildi gera þér mein.

HREINN

En hversvegna í ósköpunum? Ég þekki hana ekki neitt.

JÓRUNN

Hún er haldin þráhyggju og telur að breytni þín sem fréttá- og fjölmiðlamanns hafi steipt einhverjum sem var henni nákomin í ógæfu. En þetta eru auðvitað ranghugmyndir; það ætlast enginn til þess að fréttamenn beri ábyrgð á því sem þeir segja.

HREINN

Hvað heldur hún að ég hafi gert?

JÓRUNN

Jú, hún vill meina að þú hafir eyðilagt mannorð vinkonu sinnar sem á við geðræn vandamál að stríða eins og Elva Dögg. Einhver fréttapáttur um vændi þar sem hún telur að trúnaður hafi verið brotinn.

(Brýtur nögl)

Æ, ég braut nögl!

HREINN

Guð minn góður! Ætlar hún að drepa mig út af því. Það eru tíu ár síðan. Þetta hefði ekki orðið nein frétt ef..

JÓRUNN

(Virðir brotnu nöglina fyrir sér)

Þú þarft ekki að réttlæta það fyrir mér. Maður getur ekki búið til eggjaköku án þess að brjóta egg, ekki satt? Ég get ekki losað þetta.

(Tekur upp gsm-síma)

Það er best að ég hringi eftir liðsauka.

(Hringir)

Rosalega er lélegt samband hérna. Ég verð víst að fara út.

(Gengur til dyra)

HREINN

Reyndu að finna hníf eða skæri eða eitthvað.

JÓRUNN

Ég verð enga stund.

(Fer)

HREINN

(Kallar á eftir henni)

Hún ætlar að drepa mig. Skilurðu það ekki manneskja?

HREINN reynir í örvæntingu að losa sig. Hann snýr baki í dyrnar og sér því ekki að það er ELVA DÖGG sem kemur inn.

HREINN

Jæja. Fannstu hníf?

ELVA DÖGG

Ég hef ekki týnt neinum hníf.

HREINN

Ert þetta þú?

ELVA DÖGG

Hver annar skyldi eiga erindi við þig?

HREINN

Sko, ég veit ekki hvað þú vilt mér. En ef þú leysir mig og við ræðum málin í rólegheitum þá getum við örugglega komist að samkomulagi.

ELVA DÖGG

Samkomulagi um hvað? Hvort þú vilt fá hnífinn í bakið eða belginn.

HREINN

(Gráti næst)

Ég veit ekki hvað þú vilt mér. Af hverju ertu að þessu? Hvað hef ég gert þér?

ELVA DÖGG

Þú ert til. Það hefurðu gert mér.

HREINN

Þú ert brjáluð.

ELVA DÖGG

En þú, Hreinn? Ert þú eðlilegur?

HREINN

Sjáðu til. Það er mitt starf að segja frá því sem er frétnæmt. Ég reyni að segja sannleikann en því miður kemst hann ekki alltaf allur til skila. Stundum bara ein hliðin því það er ekki sama hver lítur á málin. Stundum er óþarflega mikið sagt og stundum ekki nóg. Þetta er svo afstætt.

ELVA DÖGG

Er þá sannleikurinn afstæður?

HREINN

Nei, auðvitað ekki. Sko, sannleikurinn er alltaf þess sem skráir og túlkar og auðvitað fer ekki hjá því að hann litist af skoðunum hans. Leystu mig nú. Tölum saman eins og siðaðar manneskjur.

ELVA DÖGG

Þú getur það ekki. Þú ert siðlaus.

HREINN

Mér þykir þetta leitt með vinkonu þína?

ELVA DÖGG

Vinkonu mína? Hvað veist þú um vinkonu mína?

HREINN

Ég gerði bara þennan þátt. Ég hugsaði ekki úti..

ELVA DÖGG

Hvernig veistu um vinkonu mína? Hver hefur sagt þér..

HREINN

(Í flýti)

Ég veit ekki neitt.

ELVA DÖGG

(Otar hnífnum að honum)

Svaraðu mér!

HREINN

Læknirinn þinn. Hún er hér.

ELVA DÖGG

Andskotinn!

ELVA DÖGG hleypur út. HREINN reynir í örvæntingu að losa sig. Þegar það gengur ekki reynir hann að mjaka stólnum að stjórnborðinu, halla sér fram og reyna að ná til takka og sleða með nefi og munni. JÓRUNN kemur inn.

JÓRUNN

Jæja. Þeir eru á leiðinni. Hvað skyldi hafa orðið af henni?

HREINN

Sástu hana ekki?

JÓRUNN

Elvu Dögg? Var hún hérna?

HREINN

Ég hef aldrei kynnst öðru eins vanhæfi. Fannstu eitthvað til að skera böndin?

JÓRUNN

Það var ekkert þarna frammi.

HREINN

Það hlýtur að vera til hnífur eða skæri í þessu húsi. Gáðirðu í skúffurnar hjá símastelpunni?

JÓRUNN

Nei. Mér yfirsást það.

(Rótar í töskunni sinni)

Ég er hérna með naglaþjöl.

(Gengur í átt til Hreins)

ELVA DÖGG

(Stendur í dyrunum)

Vantar þig hníf.

(Kemur inn í herbergið og ber fyrir sig hnífinn)

JÓRUNN

(Gengur í átt til hennar og réttir fram höndina)

Láttu mig fá hnífinn, Elva Dögg.

ELVA DÖGG

Viltu ekki reyna að taka hann af mér.

JÓRUNN

Þessu er lokið. Þeir eru á leiðinni til að sækja þig. Þú þarft að fá lyfin þín.

ELVA DÖGG

Ég fer aldrei þangað aftur.

JÓRUNN

Svona góða. Láttu mig nú fá hnífinn.

JÓRUNN ætlar að taka hnífinn af henni, en ELVA DÖGG leggur til hennar. JÓRUNN hopar undan og ELVA DÖGG eltir hana. Allt þetta fer fram bakvið HREIN og hann reynir að fylgjast með yfir öxlina. Að lokum leggur JÓRUNN á flóttu og ELVA DÖGG eltir hana út. Skerandi sársaukaóp heyrir. HREINN er viti sínu fjær af skelfingu. ELVA DÖGG kemur inn. Hún gengur til HREINS og þurrkar eitthvað sem líkist blóði af hnífnum í föt HREINS. Hún sest klofvega á hné hans og leggur hnífsoddin á brjóst hans.

ELVA DÖGG

Þá ert þú næstur.

HREINN

Ekki gera þetta. Ekki. Ekki. Af hverju ertu að þessu?

ELVA DÖGG

Hversvegna ætti ég að þurfa ástæður?

HREINN

Hún sagði að það væri út af vændisþættinum.

ELVA DÖGG

Hversvegna trúirðu henni? Kannski hef ég allt aðrar ástæður. Kannski er ég hérna til að hefna fyrir alla þá sem þú stimplaðir fjárglæframenn og skattsvikara, oft fyrir litlar eða engar sakir vegna þess að þú hafðir ekki tíma til að vinna heimavinnuna þína.

HREINN

Ég reyndi alltaf að komast að sannleikanum í málunum.

ELVA DÖGG

Þú hugsaðir bara um að verða fyrstur með fréttina. Ég gæti líka verið hérna út af frægasta umræðuþætti í sögu lýðveldisins? Þegar Hreinn Björnsson afhjúpaði spillingu ráðherra og það urðu stjórnarslit í beinni útsendingu. Eða út af einhverju öðru pólitísku máli. Það hafa margir stjórnámamenn orðið fyrir barðinu á þér.

HREINN

Já, en þeir eru opinberar persónur, þeir mega alltaf búast við að verða teknir fyrir.

ELVA DÖGG

En þú, Hreinn? Ert þú ekki líka opinber persóna?

HREINN

Það er allt öðruvísi.

ELVA DÖGG

Ég sé engan mun.

(Þögn)

Það eiga margir um sárt að binda vegna þín. Gerirðu þér ekki grein fyrir því að það stendur fólk að öllum þeim sem þú tekur fyrir? Fjölskyldur, vinir og samstarfsmenn. Saklausar manneskjur sem þurfa að líða fyrir óvægna leit þína að sannleikanum. Kannski er ég ein af þeim.

(Reiðir hnífinn.)

Ég er refsinnormin þín, Hreinn Björnsson. Ertu tilbúinn til að deyja fyrir sannleikann?

HREINN mígur í sig af skelfingu. ELVA DÖGG sprettur á fætur.

ELVA DÖGG

Oj bara. Hann meig í buxurnar.

HREINN

Vægðu mér! Gerðu það! Ekki..

ELVA DÖGG

Ég er öll rennandi blaut.

JÓRUNN kemur í ljós í dyrunum, ómeidd og brosandí, Hún flytir sér til HREINS bendir út um gluggann.

JÓRUNN

Sérðu myndavélina?

Tökulið, TÖKUMAÐUR og HLJÓÐMAÐUR sjást í glugga. Þeir veifa til HREINS. JÓRUNN og ELVA DÖGG eru brosandí og spenntar yfir viðbrögðum HREINS sem er eins og dofinn fyrst í stað en síðan verður hann ofsareiður. JÓRUNN tekur litla talstöð upp úr veskinu

HREINN

Voruð þið að taka þetta upp?

JÓRUNN

Ertu hissa? Grunaði þig aldrei neitt?

HREINN

Voruð þið að taka þetta upp?!

JÓRUNN

(Í talstöðina)

Kött!

(Við Elvu Dögg)

Þetta var tæpt.

ELVA DÖGG

Maður býst ekki við svona. Að maðurinn bara mígi í sig af hræðslu.

BJÖRN kemur inn.

BJÖRN

Þetta var flott!

(Slær á öxlina á Hreini)

Meiriháttar kommbakk hjá þér, gamli svinger.

(Klappar Elvu Dögg)

Og stelpan fín líka. Þið eruð tím.

ELVA DÖGG

Það er auðvitað erfitt að vinna af einhverri fagmennsku þegar mótleikarinn er algjör amatör.

BJÖRN

(Við Jórinni)

Ég verð að viðurkenna að þegar þú komst á kontórinn hjá mér og reyndir að selja mér þessa hugmynd þá hafði ég vissar efasemdir. En þetta svínvirkar. Þetta verður æðislegur þáttur.

TÖKUMAÐUR og HLJÓÐMAÐUR koma inn.

JÓRUNN

Hvernig kom þetta út.

TÖKUMAÐUR

Þetta sleppur alveg. Hún fer eiginlega alveg úr mynd.

JÓRUNN

Guði sé lof. Þá getum við bara tekið út hljóðið.

HREINN

Hvað er eiginlega í gangi hérna?

JÓRUNN

Þér hefur auðvitað ekki litist á blikuna?

HREINN

Þú ert geðbiluð! Þú ert snarsjóðandibandbrjáluð!

JÓRUNN

Ég skil ekki af hverju þú tekur þessu svona illa.

HREINN

Hefurðu engin veruleikatengsl manneskja?

JÓRUNN

Við erum ekki að fást við raunveruleikann, Hreinn, þú ættir að vita það best. Við erum að búa til sjónvarpsefni.

HREINN

Og hver í andskotanum ert þú?

JÓRUNN

Jórunn Gestsdóttir, dagskrárgerðarmaður.

(Réttir honum höndina. Flissar)

Ó. Fyrirgefðu. “Ég er dálítið bundinn núna”. Það var frábær lína.

HREINN

(Kinkar kolli í átt til Elvu Daggar)

Og hún?

ELVA DÖGG

Ég er leikkona. Ég hef eiginlega mest verið í spuna, það..

HREINN

Ertu leikkona? Varstu leigð til að gera mér þetta? Ég drep þig, nei ég kæri þig og drep þig þegar þú kemur úr fangelsinu. Leysið mig!

JÓRUNN

Ég get ómögulega leyst þig á meðan þú lætur svona

HREINN

Leysið mig!

ELVA DÖGG

Þú sagði að þetta yrði allt í lagi.

BJÖRN

Auðvitað verður þetta í lagi. Ég sagði ykkur að hann myndi taka þessu vel.

JÓRUNN

Ég var ofboðslega ánægð þegar Bjössi stakk upp á að nota þig í fyrsta þáttinn.

HREINN

Stakk Björn upp á mér?

BJÖRN

Auðvitað stakk ég upp á þér. Þú átt það nú inni hjá mér, eftir öll þessi ár, að ég gefi þér breik.

JÓRUNN

Ég meina, þetta er heiður fyrir mig. Þú ert einn af þessum gömlu stóru þó þér hafi ekki gengið neitt sérstaklega vel að undanfögnu.

(*Þögn*)

Þú ferð ekki að eyðileggja þetta fyrir okkur, er það? Það er ekki hægt að hætta við. Það er fullt af fólki sem veit af þessu nú þegar og þú veist hvernig bransinn er.

(*Þögn*)

Þú gerðir nú ýmislegt vafasamt sjálfur, en það braut ísinn og jók tjáningarfrelsið.

HREINN

Það er ekki sambærilegt. Ég elti fólk aldrei uppi til að negla það. Fólk kom til mín af fúsum og frjálsum vilja.

JÓRUNN

Það er auðvitað þróun í þessu eins og öllu.

HREINN

Þó svo ég samþykki, þá er það ekki hægt.

JÓRUNN

Af hverju ekki?

HREINN

Ertu eitthvað tornæm? Ég meig á mig. Á ég að opinbera það fyrir alþjóð?

JÓRUNN

Það er satt. Það er dálítið subbulegt.

(*Þögn*)

Við tökum það bara aftur.

HREINN

Ha?

JÓRUNN

Við tökum það aftur. Ég meina.. ég hef engan áhuga á að niðurlægja þig. Við fjölmiðlafólkið verðum að standa saman. En þú verður að vera undrandi, þú veist, þú verður að láta eins og þú vitir ekki neitt.

BJÖRN

Er hún ekki frábær?

HREINN hugsar sig um, kinkar síðan kalli, þó það sé augljóst að það sé honum á mótí skapi. TÖKUMAÐUR og HLJÓÐMAÐUR fara út.

JÓRUNN

Trúðu mér. Það er það eina skynsamlega í stöðunni. Klára dæmið.

(Þögn)

Ókei. Við tökum það frá því að Elva Dögg stendur yfir þér með reiddan hnífinn.

ELVA DÖGG

(Bendir á blautar buxur Hreins)

Þarf ég að setjast á hann aftur?

JÓRUNN

Neinei. Stattu bara klovvega yfir honum. Vertu bogin í hnjánum og rístu svo upp. Þá ætti að vera auðvelt að klippa þetta saman.

(Gengur í átt til dyra. Tekur upp talstöðina og kallar í hana)

Allir tilbúnir?

ELVA DÖGG stillir sér upp klovvega yfir HREINI.

JÓRUNN

(Utandyra)

Rúlla!

ELVA DÖGG

(Reiðir hnífinn.

Ég er refsinornin þín, Hreinn Björnsson. Ertu tilbúinn til að deyja fyrir sannleikann?

HREINN

Ekki.. Ekki gera það!

ELVA DÖGG stingur hnífnum í stjórnborðið. Gengur í átt til dyra.

HREINN

Hver ertu?

ELVA DÖGG

(Stansar í dyrunum og snýr sér við)

Hvaða máli skiptir það?

HREINN

Ég verð að fá að vita sannleikann.

ELVA DÖGG

Já, hvað er sannleikurinn, Hreinn? Er hann ekki afstætt hugtak?

JÓRUNN kemur inn brosandi. Þær ganga til HREINS.

HREINN

Hvað er eiginlega um að vera?

JÓRUNN

(Bendir út um gluggann)
Sérðu myndavélina?

JÓRUNN og ELVA DÖGG virðast spennar yfir viðbrögðum HREINS.

HREINN

Hvað? Voruð þið að taka þetta upp?

JÓRUNN

Grunaði þig aldrei neitt?

HREINN

(Brosir)
Þið náðuð mér þarna. Ég verð að viðurkenna að sumt var dálítið skrítið en maður er nú ekki að pæla í því þegar um líf og dauða er að tefla.

JÓRUNN

Varstu smeykur?

HREINN

Það var farið að fara dálítið um mig.

JÓRUNN

Svona eiga menn að vera. Mér þykir vænt um hvað þú tekur þessu saklausa gríni okkar vel. Góðir áhorfendur. Fórnarlambið þættinum “Lík í lestinni” var Hreinn Björnson, frumherji í nútímafjölmiðlun. Hver verður næstur? Ert það kannski þú?
(Bendir í átt að myndavél. Frýs. Tekur síðan upp talstöðina og kallar í hana)
Kött!

BJÖRN kemur inn.

BJÖRN

Þetta var alveg brílljant.

JÓRUNN tekur upp skæri og byrjar að klippa á ftötra HREINS.

ELVA DÖGG

Ertu ennþá æðislega fúll út í mig?

HREINN horfir hatursaugum á ELVU DÖGG en svarar engu.

BJÖRN

Hvað heldurðu að hann sé að erfa þetta við þig?

ELVA DÖGG

Jæja. Ég er þá farin.

(Við Hrein)

Gaman að kynnast þér. Bless.

ELVA DÖGG forðar sér áður en HREINN er laus. JÓRUNN réttir HREINI höndina.

JÓRUNN

Ég þakka kærlega fyrir samstarfið.

(Við Björn)

Ég dríf bara í að klippa þetta.

BJÖRN

Allt í lagi góða. Ekki dugir að slóra í vinnunni.

JÓRUNN fer. BJÖRN styður á takka í stjórnborðinu.

BJÖRN

The show must go on. Það er kominn tími til að sýna enga miskunn.

Stefið fyrir Enga miskunn fer í gang.

RÖDD HREINS

Símatíminn Engin miskunn! Orrahríð af skömmum, skítkasti, lítilsvirðingu og dónaskap. Svo komið ef þið þorið - það verður: Engin miskunn!!!

ÖNNUR RÖDD

Þátturinn: Engin miskunn er í boði Frímans - heitustu partíþizzurnar!

BJÖRN ýtir á takka og opnar fyrir símann og hljóðnemann og gengur síðan út. HREINN situr í stólnum og starir framfyrir sig. Hann er niðurbrotinn.

ODDUR

(Rödd í síma)

Er ég í beinni, Hreinsi?

HREINN

Hvað? Hver er þetta?

ODDUR

Þetta er ég. Oddur. Ég hélt að þú ætlaðir aldrei að hætta að spila þessa Stuðpúða og byrja með Enga miskunn.

HREINN

Sæll Oddur minn. Gaman að heyra í þér aftur.

ODDUR

Oddur minn? Hvað er að þér, Hreinsi? Af hverju kallarðu mig ekki hálfvita?

HREINN

Ég er bara ekki í stuði til þess núna.

ODDUR

Ég kann ekki við þig svona. Þú átt að vera sterkur og miskunnarlaus.

HREINN

(Dregur hann djúpt að sér andann, heldur andanum í sér augnablik, blæs síðan út og kylir út í loftið. Hann er aftur orðinn eins og hann á að sér eða eins mikið og kringumstæðurnar leyfa. Æpir)

Ég sagðist ekki vera í stuði. Skilurðu það ekki hálfvitinn þinn?

ODDUR

Góður Hreinsi! Góður! Þú ert langflottastur.

Lokatitlar. Samræður þeirra deyja smámsaman út.

HREINN

Veistu það, Oddur, að þú ert eiginlega ágætur samnefnari fyrir þessa þjóð sem er svo andlega fötluð að hún getur ekki tjáð sig nema í gegnum síma í beinni útsendingu.

ODDUR

Já, finnst þér það, Hreinsi? Ég hef nú eiginlega aldrei hugsað út í þetta.

HREINN

Vertu ekki að reyna hugsa. Láttu mig um það.

ODDUR

Ókei, Hreinsi. Heyrðu?! Hvað þýðir samnefnari?

HREINN

Þú ert hálfviti.

ODDUR

Góður! Fæ ég pizzu fyrir það?

HREINN

Af hverju fær maður sér ekki almennilega vinnu?

ODDUR

Þú gætir það ekki, Hreinsi. Þú myndir sakna mín allt of mikið. Heyrðu! Var þetta ekki orðaleppur hjá þér?

HREINN

Góður! Kannski er enn von með þig.

ODDUR

Neinei. Ég er bara hálfviti.